

2305. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 31. janúar 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn á Laugardalsvöll: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Jón Rúnar Halldórsson (tók sæti Orra V. Hlöðverssonar) og Pálmi Haraldsson.

Á Teams: Tinna Hrund Hlynisdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Orri V. Hlöðversson

Fundargögn:

- Fundargerð 2304
 - Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga
 - Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál
 - Drög að nýjum siðareglum
 - Drög að gloppugreiningu
 - Yfirlit yfir lagabreytingar fyrir UEFA þing
 - Erindi frá ÍTF
 - Tillögur sem LLR sendi stjórn KSÍ til umsagnar
-

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - a. Fundargerð 2304.
2. Eftirfarandi fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fluttar af vettvangi ÍTF:
 - a. Fundargerð mótanefndar 25. janúar 2024.
 - b. Fundargerðir fjárhags- og endurskoðunarnefndar 9. og 29. janúar
 - c. Þá flutti Jón Rúnar Halldórsson fréttir af vettvangi ÍTF og lagði fram nokkrar fyrirspurnir til stjórnar. Gert er ráð fyrir að þessum fyrirspurnum verði fylgt eftir skriflega.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri og Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri tóku sæti á fundinum.

3. Fjármál
 - a. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fór yfir óendurskoðaðan ársreikning 2023.
 - Farið var yfir frávík frá áætlun.
 - Rætt var um uppgjör við Breiðablik vegna framkvæmda við að halda Laugardalsvelli leikhæfum haustið 2023. Stjórn KSÍ leggur áherslu á að skýra verði ákvæði reglugerðar til framtíðar litið, en LLR hefur þegar verið falið að endurskoða ákvæði reglugerðarinnar. Borghildur Sigurðardóttir varaformaður vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.
 - b. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2024.
 - Farið var yfir breytingar frá síðustu drögum að áætlun. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ var falið að vinna úr þeim hugmyndum sem voru ræddar.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri og Jörundur Áki Sveinsson sviðsstjóri véku af fundi.

4. Lög og reglugerðir
 - a. Rætt var um tillögu til breytinga á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, um lán leikmanna. Tillagan var áður rædd á stjórnarfundum 7. desember og var tillagan send til ÍTF og LSÍ til umsagnar. Engar athugasemdir bárust. Afgreiðslu tillögunnar frestað til næsta fundar og verður lögfræðingur KSÍ fenginn á fundinn til að skýra tillöguna betur.

- b. Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál var lögð fram til kynningar.
- c. Drög að nýjum siðareglum KSÍ voru lögð fram til kynningar.
- d. Rætt um persónuverndarstefnu KSÍ og lögð var fram til kynningar svokölluð glöppugreining. Skoða þarf næstu skref í málinu.

5. Ársþing KSÍ 2024

- a. Kynningarfundur um tillögur verður þriðjudaginn 20. febrúar kl. 17:00 á Teams.
- b. Rætt um efnistöð málþings sem verður á dagskrá föstudaginn 23. febrúar kl. 17:00.
- c. Tillögur frá stjórn á ársþingi voru afgreiddar á aukafundi stjórnar þann 24. janúar, en sá fundur fjallaði eingöngu um þær tillögur (sjá fundargerð þess fundar neðst í þessu skjali).
- d. Rætt um þær tillögur sem LLR vísaði til stjórnar til umsagnar. Samþykkt að hafa aukafund í stjórn næstkomandi þriðjudag, 6. febrúar, til að fara yfir tillögurnar.
- e. Rætt um önnur mál á ársþingi, en fyrir liggur tillaga um að hafa kynningu á framgangi vinnu starfshóps um staðalsamninga KSÍ o.fl.
- f. Umræðu um ársskýrslu KSÍ og skýrslu nefnda var frestað.
- g. Rætt um gesti á þinginu.

6. Mótamál og dómaramál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar gaf stjórn stutt yfirlit yfir stöðuna í mótamálum sambandsins.

7. Landsliðsmál

- a. Rætt var um umspilsleiki A kvenna gegn Serbíu sem fram fara í febrúar.
- b. Rætt um verkefnið framundan hjá A landsliði karla, umspilsleiki í mars.

8. Dagskrárlíð 8, verkefni milli funda, var frestað.

- a. Kynning á innleiðingu Comet.
- b. Staðan á stefnumótun og kynning á tillögu UEFA Grow um nýtt skipurit.

9. Önnur mál

- a. Rætt var um UEFA þing í París og þær tillögur til breytinga á lögum UEFA sem liggja fyrir.
- b. Rætt var um bréf frá ÍTF um Mjólkurbikarinn. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd var falið að svara erindinu.
- c. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra. Frestur til umsókna verður 27. febrúar.
- d. Stjórn KSÍ samþykkti veitingu heiðursmerkja í samræmi við reglugerð:
 - ✓ Ólafur Þór Ágústsson, SíGÍ
 - ✓ Bragi Bergmann, dómarnefnd KSÍ
- e. Stjórn KSÍ fagnar fréttum af uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarbyggð og þar með stórbættri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar, og samgleðst fulltrúum Skallagríms, iðkendum og öðrum þátttakendum í starfi félagsins. Starfsmanni mannvirkjanefndar var falið að hafa samband við Skallagrím og flytja kveðju stjórnar og bjóða fram aðstoð sambandsins.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundarritari

Klara Bjartmarz

Næstu stjórnarfundir (sbr. samþykkt síðasta fundar):

- 14. febrúar 2024
- 23. febrúar 2024, stór stjórnarfundur

Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn 24. janúar kl. 12.00. Var fundurinn haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Ívar Ingimarsson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrunn Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Helga Helgadóttir og Orri Vignir Hlökkversson. Þá var Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fjarverandi.

Mættir starfsmenn: Birkir Sveinsson og Haukur Hinriksson.

Viðfangsefni fundarins voru tillögur stjórnar fyrir ársþing.

1 Breyting á lögum KSÍ

Rætt um tillögu um breytingar á hæfisskilyrðum í stjórn KSÍ. Haukur fór yfir tillöguna og vakti athygli á að verið er að bregðast við athugasemdum ÍSÍ við lög KSÍ.

Samþykkt að tillagan verði lögð fram í nafni stjórnar KSÍ.

2 Starfshópur um leyfiskerfi KSÍ

Haukur kynnt tillöguna, en í henni felst að skipa nýjan starfshóp um áframhaldandi vinnu og verklag.

Samþykkt að tillagan verði lögð fram í nafni stjórnar KSÍ.

3 Keppni varaliða

Birkir og Haukur fóru yfir tillöguna í forföllum Helgu Helgadóttur formanns starfshóps. Tillagan er afrakstur starfshóps sem skipaður var í kjölfar síðasta ársþings um málið. Samkvæmt tillögunni er lagt til að heimila félögum að tilkynna tvö lið til leiks í mfl. kvenna frá 2025.

Samþykkt að tillagan verði lögð fram í nafni stjórnar KSÍ.

Fundarritari

Birkir Sveinsson